

Skagastrandarvegur um Hafursstaðaá

Mat á umhverfisáhrifum
Guðmundur Ólafsson



8



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS

8

Skagastrandarvegur um Hafursstaðaá

Mat á umhverfisáhrifum
Guðmundur Ólafsson



- © 1998 Þjóðminjasafn Íslands/Guðmundur Ólafsson
Öll réttindi áskilin.
- © Útgáfuréttur á landakorti: Landmælingar Íslands
ISSN 1560-8050
Prentun/umbrot: Gutenberg – Hraðlestin

Efnisyfirlit

Mat á umhverfisáhrifum	5
Inngangur	5
Varðveisla fornminja	5
Mat á umhverfisáhrifum	6
Vettfangsrannsókn	6
Niðurstöður og umsögn	6
Fylgiskjöl	7

Mat á umhverfisáhrifum

Inngangur

Í sambandi við undirbúning að vegagerð á Skagastrandarvegi um Hafursstaðaá óskaði Vegagerð ríkisins á Sauðárkróki að Þjóðminjasafnið tæki að sér umhverfismat á breytingunum með tilliti til fornleifa.¹ Þessi framkvæmd er fyrirhuguð vegna mikilla snjóþyngsla á þessum kafla. Undirritaður fór í vettvangsferð á staðinn 2. ágúst 1998 og kannaði fyrirhugað vegstæði.

Varðveisla fornminja

Tilgangur þjóðminjalaganna er að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar, þar á meðal fornleifa.² Í 16. gr. laganna er eftirfarandi skilgreining á fornleifum:

16. gr.

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir,

hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 18. gr.

Þjóðminjalögin leggja landeigendum, ábúendum og framkvæmdaaðilum nokkrar skyldur á herðar til verndar fornleifum og er þeirra getið í 19. - 21. gr. laganna.

19. gr.

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera Þjóðminjasafni Íslands viðvart ef fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spillt af manna völdum. Þjóðminjasafn ákveður þá hvaða ráðstafanir skuli gerðar til verndar fornleifunum.

20. gr.

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við

¹ Bréf dags. 01.04.1998, undirritað af Heimi F. Guðmundssyni, umdæmistækniþræðingi.

² Þjóðminjalög. 1. gr. l. nr. 88/1989.

framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

21. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð og veitulagnir, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum. Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

Mat á umhverfisáhrifum

Við mat á umhverfisáhrifum skal fornleifafræðingur fara um svæðið og kanna hvort nokkrar minjar af þeim toga sem tilgreindar eru í þjóðminjalögum séu í hættu vegna framkvæmda. Hann skráir allar minjar og sögustaði, sem þar kunna að vera sýnilegar, eða heimildir geta um. Fornleifafræðingur skilar viðkomandi aðilum skýrslu um minjarnar og sjónarmið minjavörslunnar eins fljótt og við verður komið. Í niðurstöðum skýrslunnar er lagt mat á minjar sem kunna að finnast og umsögn gefin um áhrif framkvæmda á þær.

Vettvangsrannsókn

Fyrirhugað vegstæði var kannað 2. ágúst 1998. Stuðst var við hjálagaðt yfirlitskort af svæðinu þar sem veglínan er merkt inn á. Um er að ræða nýbyggingu Skagastrandarvegar á um 1,5 - 2 km löngum kafla. Vegurinn mun verða færður allt að 40 - 50 m austar um Hafursstaðaá og kemur inn á núverandi veg báðum megin við.

Niðurstöður og umsögn

Við vettvangsrannsókn varð ekki vart við neinar minjar eða mannvistarleifar í fyrirhugaðri veglínu eða nánasta umhverfi hennar sem falla undir ákvæði þjóðminjalaga.

Þjóðminjasafn Íslands gerir engar athugasemdir við þessar framkvæmdir.

Fylgiskjöl

Yfirlitskort af Skagastrandarvegi um Hafursstaðaá.



Yfirlitskort af Skagastrandarvegi um Hafursstaðaá, fyrirhugað vegstæði er merkt með gráu.

Skýrslur fornleifadeildar 1998

- 1 Starfsemi fornleifadeildar 1997.
Guðmundur Ólafsson.
- 2 Hringvegur um Fossárvík. Mat á umhverfisáhrifum.
Guðmundur Ólafsson.
- 3 Suðurfjarðarvegur um Selá. Mat á umhverfisáhrifum.
Guðmundur Ólafsson.
- 4 Frumrannsókn á Seyðisfirði vegna snjóflóðavarna.
Guðmundur Ólafsson.
- 5 Bæjarrúst í landi Vagnsstaða, Suðursveit.
Guðmundur Ólafsson.
- 6 Verstöð við Arnarstapa í Tálknafirði.
Guðmundur Ólafsson.
- 7 Tindastólsvegur um Hróarsgötur. Fornleifaskráning.
Guðmundur Ólafsson.
- 8 Skagastrandarvegur um Hafursstaðaá. Mat á umhverfisáhrifum. Guðmundur Ólafsson.



ÞJÓÐMINJASAFN
ÍSLANDS